

**Ed.**

**168. Breytingartillögur**

**[3. mál]**

við frv. til laga um landsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. a-liður greinarinnar orðist svo:

Hæstaréttardómarar, fimm að tölu, yfirsakadómari í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hæstiréttur kveður til varadómendur hæstaréttardómara úr hópi lagakennara háskólans, hæstaréttarlögmannna eða héraðsdómara, sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir dómarar í hæstarétti. Varamaður yfirsakadómara er elzti sakadómari í Reykjavík. Lagadeild háskólans kys varamann prófessorsins í stjórnskipunarrétti.

2. Við 3. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Hæstaréttarforseti er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Varaforseti hæstaréttar er varaforseti landsdóms. Nú forfallast þeir báðir, forseti og varaforseti, og kys þá dómurinn forseta, er vera skal einn hinna löglærðu dómara.

4. Á eftir 49. gr. komi ný grein, er verði 50. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan eftir því:

Samkvæmt beiðni dómfellds manns getur landsdómur leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar að nýju, ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk, eða ef ætla má, að falsgögn hafi valdið refsidómi að einhverju eða öllu leyti.

Beiðni um endurupptöku skal senda forseta landsdóms, er kveður dóminn saman til þess að taka ákvörðun um, hvort endurupptaka skuli leyfð.

Nú ákveður landsdómur endurupptöku máls, og fer þá um meðferð og flutning málsins samkvæmt ákvæðum laga þessara.